

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, athafnasvæði í Smiðjuhverfi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. október 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 9. apríl 2002.

Breytingin byggir á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Blesugróf. Samkvæmt samningnum breytast mörk sveitarfélaganna þannig, að hluti Blesugrófar, 1,04 ha lands í Kópavogi, verður innan marka Reykjavíkur og 2,37 ha lands í Reykjavík verður innan marka Kópavogs. Í breytingunni felst að athafnasvæði í Smiðjuhverfi, sem í staðfestu aðalskipulagi er auðkennt sem svæði fyrir blandaða landnotkun, verslun og þjónustu og iðnað, stækkar til norðurs og austurs að hinum nýju lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur. Breytt landnotkun kemur í stað opins svæðis og helgunarsvæðis stofnbrauta. Gert er ráð fyrir nýrri gönguleið gegnum umrætt athafnasvæði, frá Reykjnesbraut í austur undir Smiðjuveg inn í Fossvogsdal í vestur.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 7. október 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

SAMÞYKKT

um hreinsun rotþróa á Norður-Héraði.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Norður-Hérað annast hreinsun rotþróa (þ.e. tæmingu og förgun seyru) frá íbúðarhúsnæði, sumarbústöðum, stofnunum, og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með starfsemi. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verksins. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

2. gr.

Hreinsun rotþróa skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins og skal hún sjá um samskipti við þá aðila sem að því koma s.s. vegna frágangs og förgunar eða nýtingar á seyru í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.